

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi 24. október 2012

Efni: Umsögn um 220. mál á þskj. 228, Neytendalán

Lagt hefur verið fram að nýju frumvarp til laga um neytendalán og fögnum við undirritaðir því að gerðar hafa verið breytingar sem til bóta eru frá því frumvarpi er lagt var fram á 140. löggjafarþingi. Þó eru enn nokkur atriði sem við teljum okkur skylt að gera athugasemdir við. Snúa þau atriði helst að ákvæðum um greiðslumat, útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar þegar kostnaður er breytilegur og að viðurlagaþætti frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í g-lið 5. gr. hefur verið felld brott tilvísun til verðbóta sem hluta heildarlántökukostnaðar. Virðist sem þar hafi verið farið að tillögu Neytendastofu sem stofnunin byggir á því að ekki sé gert ráð fyrir þessu hugtaki við skilgreiningu á heildarlántökukostnaði í tilskipun 2008/48. Í ljósi þess að árleg hlutfallstala kostnaðar byggir á heildarlántökukostnaði er nauðsynlegt að verðbætur séu hluti skilgreiningar á heildarlántökukostnaði. Einnig er rétt að benda á að tilskipun 2008/48 gerir almennt ekki ráð fyrir að neytendalán séu verðtryggð en rétt er að benda á að í g-lið 3. gr. tilskipunarinnar segir að heildarlántökukostnaður sé „allur kostnaður þ.á.m. vextir, umboðslaun, skattar og hvers kyns önnur gjöld sem neytandinn þarf að greiða í tengslum við lánsamning.“ Það er í besta falli orðhengilsháttur að leggja til að hugtakið „verðbætur“ sé ekki hluti skilgreiningar á heildarlántökukostnaði á þeim grundvelli einum að ekki sé minnst á hugtakið í tilskipuninni.

Tilskipunum Evrópusambandsins er beint að aðildarríkjunum og leggur skyldur á ríkin að innleiða reglur til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með tilskipuninni. Í ljósi þess að aðstæður á lánamarkaði hér á landi eru með miklum afbrigðum sé mið tekið af öðrum ríkjum Evrópu verður að telja að ákveðnum afbrigðum þurfi að beita við innleiðingu tilskipunar 2008/48/EB. Rétt er að minna á að verðbætur eru langstærsti kostnaðarliður verðtryggðra lána

hér á landi og verður því að teljast eðlilegt að skýrt sé kveðið á um það í lögum að verðbætur séu hluti af heildarlántökukostnaði neytendalána.

Um 10. gr.

Í 1. ml. 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins er orðinu „augljóslega“ augljóslega ofaukið. Leggjum við því til að orð þetta verði felld út úr frumvarpi þessu.

2. ml. 3. mgr. 10. gr. felur í sér að, að ákveðnum skilyrðum um tryggingar og/eða veð uppfylltum sé lánveitanda heimilt að líta fram hjá því að lán taki hafi augljóslega ekki burði til að standa í skilum með greiðslur samkvæmt lánsamningi. Verður að telja að allir lánsamningar sem veittir eru gegn veði eða öðrum tryggingum falli undir þennan málslíð og því sé lánveitendum heimilt að lána að vild óháð niðurstöðu lánsþæfis- og/eða greiðslumats. Í 8. gr. tilskipunar 2008/48 er ekki að finna sambærilega heimild og er augljóst að hér er ákvæði sem rýrir mjög þá vernd sem greininni er ætlað að veita.

Er rétt í þessu samhengi að benda á 1. gr. sbr. 2. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn en telja verður að 2. ml. 3. mgr. 10. gr. gangi þvert gegn þeim greinum og tilgangi þeirra laga.

Teljum við því algerlega nauðsynlegt að fella 2. ml. 3. mgr. 10. gr. út úr frumvarpi þessu.

Jafnframt teljum við að löggjafanum beri að taka afstöðu til þess hvaða áhrif það skuli á gildi lánsamnings ef ekki er farið eftir reglum 10. gr. í ljósi meginreglunnar um skuldbindingargildi samninga og þess að hún á sér ríkar rætur í dómaframkvæmd hér á landi.

Um 21. gr.

Í 23. mgr. aðfararorða tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að tilskipun um húsnæðislán er skýrt hvernig reikna skuli árlega hlutfallstölu kostnaðar þegar kostnaður er breytilegur og ekki unnt að meta hann að fullu á þeim tíma er samningur er gerður. Í lauslegri þýðingu hljómar sá texti á þessa leið: „Þar sem árlegri hlutfallstölu kostnaðar verður einvörðungu lýst með dæmi fyrir samningsgerð ætti slíkt dæmi að vera lýsandi. Því skyldi árleg hlutfallstala kostnaðar í slíku tilfelli miðast við meðallíftíma og meðalkostnað sambærilegra lánsamninga sama lánveitanda.“ Jafnframt segir í aðfararorðum að beita skuli

sömu aðferðum við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar og gert er í tilskipun 2008/48 um neytendalán.¹

Er því lagt til að 3. mgr. 21. gr hljómi svo:

Ef lánsamningur heimilar verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við meðallíftíma og meðalkostnað sams konar lánsamninga hjá sama lánveitanda.

Um. 25. gr.

Með 25. gr. frumvarpsins er líklega verið að reyna að koma til móts við gagnrýni undirritaðra á þá aðferðafræði sem frumvarp til laga um neytendalán á þskj. 1137 á 140. löggjafarþingi lagði til að beitt yrði við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Breytir greinin þó engu um það að árleg hlutfallstala kostnaðar yrði, þrátt fyrir jákvæða viðleitni, áfram reiknuð miðað við rangar forsendur eins og bent er á í umfjöllun um 21. gr. þessa frumvarps hér að framan.

Má einnig benda á í því samhengi að árleg hlutfallstala kostnaðar skal skv. 6.gr. þessa frumvarps koma fram í auglýsingum og öðru kynningarefni en ljóst má þykja að þær upplýsingar sem kveðið er á um í 25. gr. birtast ekki í því efni og því ljóst að neytendur geta ekki stuðst við slíkt efni við ákvarðanatöku.

Af framangreindri breytingu á 3. mgr. 21.gr. frumvarpsins leiðir að 25. gr. frumvarpsins verður óþörf og er því lagt til að hún verði felld brott.

Um IX. kafla

Mikil bragarbót hefur verið gerð á efni IX. kafla frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpi til laga um neytendalán á 140. löggjafarþingi en betur má ef duga skal og gerum við nokkrar tillögur að breytingum á ákvæðum þessa kafla.

Efri mörk sektarfjárhæðar í 3. mgr. 30. gr. eru allt of lág. Er lagt til að þau mörk verði hin sömu og í 110. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, eða 50 milljónir króna.

¹ As the annual percentage rate of charge can at the pre-contractual stage be indicated only through an example, such an example should be representative. Therefore, it should correspond, for instance, to the average duration and total amount of credit granted for the type of credit agreement under consideration. [...]The definition of and methodology used for calculating the annual percentage rate of charge in this Directive should be the same as those in Directive 2008/48/EC in order to facilitate consumer understanding and comparison.

Lagt er til að orðalag ákvæða 26. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 verði tekin óbreytt upp í frumvarp þetta og verði 31. gr. og númer síðari greina taki breytingum samkvæmt því.

Jafnframt er lagt til að hæstvirt Efnahags- og viðskiptanefnd kanni hvort ekki sé rétt að ákvæði 56. og 57. gr. dönsku neytendalánalaganna, Kreditaftaleloven nr. 157/2009 verði tekin upp sameinuð ákvæðum 26. gr. laga nr. 57/2005 sem ný 31. gr. þessa frumvarps.

Virðingarfyllst

Aðalsteinn Sigurðsson

Arnar Kristinsson